

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2016
Tilvísun: 1603019 / 00.08.00

Efni: Umsögn Ferðamálastofu um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu áningarstaða Vegagerðarinnar við Þjóðvegi. Þingskjal 150 – 150. mál.

Vísað er í erindi nefndarsviðs Alþingis, sem barst með tölvupósti þann 22. febrúar, sl. þar sem óskað var umsagnar Ferðamálastofu um tillögu til þingsályktunartillögu um uppbyggingu áningastaða Vegagerðarinnar við Þjóðvegi.

Með tillögunni er lagt til að innanríkisráðherra skipi starfshóp um áningastaði við Þjóðvegi sem geri tillögu um uppbyggingu, hlutverk og þróun áningastaða Vegagerðarinnar við Þjóðvegi landsins, m.a. m.t.t. til salernisaðstöðu. Starfshópurinn meti einnig hvort fjölga beri áningarstöðum, geri tillögu um forgangsörðun í uppbyggingu áningarstaða og meti kostnað við uppbyggingu á fyrsta áfanga.

Það er mat Ferðamálastofu að nauðsynlegt sé að hugað verði að fjölgun á áningarstöðum Vegagerðarinnar, þar sem umferð um Þjóðvegi landsins hefur aukist með mikilli fjölgun ferðamanna. Ferðamálastofa telur þó ekki tímabært að skipa sérstakan starfshóp til að fjalla um slíkt þar sem nú þegar er verið er að vinna sams konar verkefni á öðrum vettvangi. Stýrihópur um öryggismál á vegum innanríkisráðuneytisins og Stjórnstöðvar ferðamála hefur til umfjöllunar öryggismál ferðamanna og þar hefur fjölgun áningarstaða ferðamanna verið til umræðu. Stýrihópurinn er nú þegar búinn að skila af sér tillögum til aðgerða fyrir 2016 og mun einnig vinna að tillögum til úrbóta til lengri tíma.

Í Vegvísi fyrir ferðaþjónustuna 2015-2020 er Stjórnstöð ferðamála falin ýmis verkefni á sviði uppbyggingar innviða og samgöngumála, s.s. að samgöngumál þróist í takt við fjölgun ferðamanna og að tryggja að samgönguáætlun taki mið af þörfum ferðaþjónustu og spám um áframhaldandi fjölgun ferðamanna.

Mikilvægt er að dreifa ekki verkefnum á marga staði heldur sinna þeim markvisst og nýta þá vinnu sem nú þegar er í gangi. Því er mikilvægt að hafa heildarsýn og að samræmi sé í aðgerðum og framkvæmdum.

Í ljósi þess ofangreinds telur Ferðamálastofa ekki tímabært að samþykkja tillöguna að svo stöddu heldur leggur til að efni hennar verði haft til hliðsjónar í þeim verkefnum sem verið er að vinna að og lúta sama eða sambærilegu efni.

Fulltrúar Ferðamálastofu eru reiðubúnir að koma á fund Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til að fylgja eftir umsögn sinni og svara þeim spurningum sem kunna að vakna.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu



Helena Þ. Karlsdóttir, forstöðum. stjórnsýslu- og umhverfissviðs